

GJALDSKRÁ
fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld
hjá Grundarfjarðarbæ.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Fyrir byggingarleyfi skv. 9. gr., sbr. 51. gr., laga um mannvirki nr. 160/2010, skal greiða gjöld sem hér segir:

- Af öllum nýbyggingum í Grundarfjarðarbæ skal greiða byggingarleyfisgjald 181.172 kr. og að auki skal greiða 181 kr. fyrir hvern fermetra byggingarinnar. Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar lóðar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.
- Haugkjallrar eru ekki reiknaðir með í fermetrastærð.
- Byggingar skv. lið d. eiga ekki við þessa grein.
- Fyrir byggingarleyfi vegna stækkunar á eldra húsnæði skal greiða bæjarsjóði 341 kr. fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar.
- Fyrir breytingar á húsnæði eða notkun þess, fyrir að rífa hús eða önnur mannvirki, gerð bifreiðastæða eða önnur mannvirki, sem áhrif hafa á úlit umhverfisins, skal greiða bæjarsjóði 12.577 kr.
- Fyrir byggingar aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum búskap og eru utan þéttbýlis skal greiða 683 kr. fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar. Til þessara bygginga teljast m.a. sumarbústaðir, orlofsíbúðir, veiðihús, fjallaskálar, skíðaskálar o.fl.
- Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það 12.577 kr.

3. gr.

Þjónustugjöld.

Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010:

	kr.
Fyrirspurn	0
Afgreiðslugjald	12.862
Endurskoðun aðaluppdráttu	14.488
Stöðuúttekt, skyrsla	37.305
Úttekt vegna meistaraskipta	37.305
Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	37.305
Úttekt vegna rekstrarleyfis	37.305
Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði	37.305
Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði	52.226
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi	35.040
Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fastanúmer umfram 5	4.830
Tímabundin stöðuleyfi með byggingarleyfi	29.698
Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft	29.260

Grenndarkynning, minniháttar	22.171
Grenndarkynning, umfangsmikil	65.391
Breyting og gerð á nýjum lóðarleigusamningi	40.232
Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	22.825
Aukaúttekt	13.152
Aukamæling á útsetningu húss	65.576
Tímabundið stöðuleyfi, án byggingarleyfis, 1-5 mán.	44.550
Tímabundið stöðuleyfi, án byggingarleyfis, 6-12 mán.	89.098
Byggingarfulltrúi hefur heimild til að innheimta gjald, vegna tímabundins stöðuleyfis, hafi ekki verið sótt formlega um stöðuleyfi eða það ekki verið endurnýjað á tilskildum tíma.	

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu samkvæmt 13. gr., sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:

	kr.
Afgreiðslugjald vegna framkvæmdaleyfisumsóknar	12.862
Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar	12.862
Lágmarksgjald framkvæmdaleyfis	47.545
Umsýslugjald vegna aðalskipulagsbreytinga	64.625
Umsýslugjald vegna annarra skipulagsmála	50.422
Skipulags- og byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.	

Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum, er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Þeirri meginreglu skal fylgt að sæki aðili um lóð eða byggingarleyfi sem hefur í för með sér breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi, skal umsækjandi greiða þann kostnað sem hún hefur í för með sér, þ.m.t. kostnað vegna upprárta og auglýsinga. Víkja má frá þessari reglu ef viðkomandi skipulag er til endurskoðunar eða þarfast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað.

5. gr.

Gjalddagi, lögveð og verðbætur.

Gjalddagi afgreiðslugjalfa er við afgreiðslu umsókna.

Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.

Gjalddagi þjónustugjalfa er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.

Afgreiðslugjöld eru ekki endurkraf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkraf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.

Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirkni nr. 160/2010.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari reiknast upp miðað við vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma miðað við grunnvísitölu 142,1 stig í janúar 2019.

Nr. 1402

13. desember 2018

6. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar í samræmi við heimild í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1104/2014.

Grundarfirði, 13. desember 2018.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2019